



Reykjavík, 8. maí 2018

Hagnaður TM á fyrsta ársfjórðungi nam 289 milljónum króna.

Á stjórnarfundi þann 8. maí 2018 samþykkti stjórn og forstjóri TM fyrsta árshlutauppgjör félagsins fyrir árið 2018. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

"Fyrsti ársfjórðungur reyndist óvenju tjónþungur sem skýrir verri afkomu af vátryggingastarfsemi en spár félagsins gerðu ráð fyrir. Þar munar mestu um þrjú nokkuð stór tjón í skipa- og eignatryggingum sem urðu á tímabilinu. Fjárfestingastarfsemi gekk hins vegar vonum fram og nam ávöxtun fjórðungsins 2,6%. Á heildina er niðurstaðan því betri en við gerðum ráð fyrir. Félagið hefur uppfært afkomuspá sína fyrir annan ársfjórðung vegna stórbruna sem varð í Miðhrauni í Garðabæ í byrjun apríl og annarra tjóna sem liggja fyrir á þessum tímavörð. Fjárfestingatekjur annars ársfjórðungs lækka frá fyrri spá þar sem hluti þeirra féll til á fyrsta fjórðungi. Þá hafa iðgjöld ársins verið endurskoðuð vegna breytinga á viðskiptamannastofni félagsins."

Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs 2018 voru eftirfarandi:

	1F 2018	1F 2017	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	3.786.611	3.473.948	312.663	9%
Fjárfestingatekjur	737.608	1.326.340	(588.732)	(44%)
Aðrar tekjur	7.795	12.218	(4.423)	(36%)
Heildartekjur	4.532.014	4.812.506	(280.492)	(6%)
Eigin tjón	(3.293.639)	(2.852.326)	(441.313)	15%
Rekstrarkostnaður	(975.907)	(965.755)	(10.152)	1%
Fjármagnsgjöld	(50.121)	(35.104)	(15.017)	43%
Virðisýrnum fjáreigna	48.849	22.861	25.988	114%
Heildargjöld	(4.270.818)	(3.830.324)	(440.494)	12%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	261.196	982.182	(720.986)	(73%)
Tekjuskattur	27.956	(15.910)	43.866	(276%)
Hagnaður	289.152	966.272	(677.120)	(70%)

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samsett hlutfall á fyrsta ársfjórðungi var 109,8%.

Samsett hlutfall TM á fyrsta ársfjórðungi 2018 var nokkuð hærra en á sama tímabili á síðasta ári, eða 109,8% samanborið við 106,5% árið 2017. Áður birt rekstrarspá félagsins hafði gert ráð fyrir 106% samsettu hlutfalli á tímabilinu. Samsett hlutfall TM síðustu 12 mánuði er 100,3%.

Verri afkoma af váttryggingastarfsemi skýrist einkum af hærra tjónshlutfalli í skipatryggingum, ábyrgðartryggingum og eignatryggingum. Eigin iðgjöld vaxa um 9,0% á milli ára en halda ekki í við hækkun eigin tjóna sem var 15,5%. Hagnaður TM á fyrsta ársfjórðungi var 289 m.kr. eftir skatta og framlegð af váttryggingastarfsemi var neikvæð um 371 m.kr.

Kostnaðarhlutfall félagsins á fjórðungnum var 22,8% samanborið við 24,4% á sama tímabili 2017. Kostnaðarhlutfall síðustu 12 mánuði er 19,8% og gert er ráð fyrir að kostnaðarhlutfall næstu 12 mánuði verði 19,6%.

Ágæt afkoma af fjárfestingum á fyrsta ársfjórðungi.

Fjárfestingatekjur námu 738 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2018 sem jafngildir 2,6% ávöxtun. Góð afkoma af hlutabréfum og hlutabréfasjóðum skýrir fyrst og fremst góða afkomu á fjórðungnum. Innlendir verðbréfamarkaðir voru hagfelldir á fyrsta ársfjórðungi en markaðsvísitala Gamma hækkaði um 2,6%.

Fjárfestingatekjur á fyrsta ársfjórðungi voru talsvert umfram spá sem gerði ráð fyrir að fjárfestingatekjur myndu nema 419 m.kr. Góð afkoma á fyrsta ársfjórðungi skýrist að hluta til af tekjum af óskráðum hlutabréfum sem hafði verið gert ráð fyrir á öðrum ársfjórðungi í afkomuspá félagsins. Þar af leiðandi er spá um fjárfestingatekjur á öðrum ársfjórðungi lækkuð um sem nemur 210 m.kr. Spá fyrir fjárfestingatekjur ársins hefur samt sem áður verið hækkuð um rúmar 100 m.kr. eða 4,3%.

Lykiltölur fyrsta ársfjórðungs 2018 voru eftirfarandi:

	1F 2018	1F 2017
Hagnaður á hlut (kr.)	0,43	1,42
Arðsemi eigin fjár (m.v. 12m)	9%	36%
Eiginfjárhlutfall	33%	33%
Handbært fé frá rekstri	761	146
Váttryggingastarfssemi		
Tjónshlutfall	87,0%	82,1%
Kostnaðarhlutfall	22,8%	24,4%
Samsett hlutfall	109,8%	106,5%
Rekstrarafkoma	(114)	(74)
Framlegð	(371)	(225)
Fjárfestingar		
Ávöxtun fjáreigna	2,6%	5,2%

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Rekstrarspá

Reiknað er með að afkoma váttrygginga verði í járnnum á öðrum fjórðungi. Stór tjón á fjórðungnum, þ.á.m. stórbruni í Miðhrauni í Garðabæ, ásamt breytingum á viðskiptamannastofni félagsins hafa leitt til endurskoðunar frá fyrri spá. Spáin gerir ráð fyrir að árið endi í rúmlega 96% samsettu hlutfalli og að kostnaðarhlutfall verði rétt rúm 20%.

	2F 2018	3F 2018	4F 2018	1F 2019	Samtals	S 2018	2017	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	3.939	4.124	3.920	4.012	15.995	15.770	14.985	785	5%
Fjárfestingatekjur	620	454	833	384	2.291	2.645	3.750	(1.105)	(29%)
Aðrar tekjur	32	8	8	8	55	55	37	18	49%
Heildartekjur	4.591	4.585	4.761	4.404	18.341	18.470	18.771	(302)	(2%)
Eigin tjón	(3.156)	(2.799)	(2.785)	(3.145)	(11.886)	(12.034)	(11.873)	(162)	1%
Rekstrarkostnaður	(889)	(844)	(893)	(965)	(3.592)	(3.602)	(3.405)	(198)	6%
Fjármagnsgjöld	(42)	(43)	(44)	(43)	(173)	(180)	(162)	(18)	11%
Virðisrýrnun útlána	(3)	(3)	(43)	(0)	(49)	(0)	(126)	126	(100%)
Heildargjöld	(4.091)	(3.689)	(3.766)	(4.154)	(15.700)	(15.817)	(15.565)	(252)	2%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	500	896	995	250	2.642	2.653	3.207	(554)	(17%)

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

	2F 2018	3F 2018	4F 2018	1F 2019	Samtals	S 2018	2017
Váttryggingastarfssemi							
Tjónshlutfall	80%	68%	71%	78%	74%	76%	79%
Kostnaðarhlutfall	20%	18%	20%	21%	20%	20%	20%
Samsett hlutfall	100%	86%	91%	99%	94%	96%	99%
Framlegð	(1)	584	358	41	982	570	97
Fjárfestingar							
Ávöxtun fjáreigna	2,2%	1,5%	2,7%	1,3%	8,1%	9,6%	14,9%

Kynningarfundur kl. 16:00 þriðjudaginn 8. maí.

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2018 þann 8. maí kl. 16:00. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24. 4. hæð. Þar kynnis Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjórið og svarar spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins, TM.is. Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Hægt er að fylgjast með fundinum í gegnum vefinn á slóðinni:

<https://global.gotomeeting.com/join/660031645>

Fjárhagsdagatal 2018.

2. ársfjórðungur: 23. ágúst 2018.
3. ársfjórðungur: 25. október 2018.
4. ársfjórðungur: 15. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

s: 515-2609.
sigurdur@tm.is.